

## 7. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt sem við verður komið. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hafnahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 9 frá 19. janúar 1967 um holræsi á Þórshöfn.

## 1. gr.

5. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð hreppsins, greiðist af holræsagerðinni og til þess að standa straum af kostnaði við lagningu og viðhald holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á eða lóðarréttindi við götu, sem hreppurinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 0.1% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3000 af húsi eða hluta húss, sem talinn er sér í fasteignamati, enda sé skolplögn að viðkomandi húseign eða húshluta. Lágmarksgjald kr. 3000 skal miðað við byggingavísitölu með grunn 1. október 1978 og hækkar því samkvæmt henni ár hvert.

## 2. gr.

7. gr. orðist svo:

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalda er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts ár hvert.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þórshafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 350 15. september 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1980.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*